




Hringbraut 119 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. mars 2026 þar sem spurt er hvort leyft yrði að innrétta gististað í flokki III, teg. X á 1. hæð og á milligólfi 1. hæðar í húsi á lóð nr. 119 við Hringbraut.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Hringbraut 119 borgarhluta 1 Vesturbær og er hluti af Verslunar- og þjónustusvæði, VP1. VP1 er skilgreindur hverfiskjarni í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn, samþykkt í borgarráði, 15. febrúar 2007 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 119 við Hringbraut er verslunar-, þjónustu- og íbúðarhúsnæði sem byggt var árið 1984.

Óskað er eftir álitni skipulagsfulltrúa á rekstri gististaðar í flokki III á jarðhæð hússins.

Samkvæmt aðalskipulagi eru í hverfiskjörnum stærri matvöruverslanir og fjölbreytt verslun og þjónusta sem þjónar heilu hverfi. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir í hverfiskjörnum, svo og gististaðir í flokki I–III. Veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga. Ekki er minnst sérstaklega á gististaði í gildandi deiliskipulagi.

Þar sem húsið er staðsett í hverfiskjarna, hefur það rýmri heimildir fyrir gististarfsemi.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi sækji um byggingarleyfi til þess að koma fyrir gististað í flokki III í húsinu að Hringbraut 119. Samræmist aðalskipulagi.



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri



Reykjavík